

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali

frá Andrési Magnússyni

lögð fram á 11. fundi Stjórnlagaráðs, 3. júní 2011

8. Trúfrelsi

Breytingartillaga	Tillaga nefndar A	Núgildandi stjórnarskrá
Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög <u>sem miðaða að umburðarlyndi og jafnri virðingu allra.</u>	Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, sannfæringar og lífsskoðunar. Felur sá réttur í sér frelsi hvers og eins til að iðka trú sína, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Öllum er frjálst að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga. Stjórnvöldum ber að vernda öll skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.	64. gr. Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almenntri þegnskyldu. Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að. Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum.

9. Þjóðkirkja

Breytingartillaga	Tillaga nefndar A	Núgildandi stjórnarskrá
<u>Setja má lög um að</u> hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.	Valkostur 1: Evangelíska lúterska kirkjan er þjóðkirkja á Íslandi. Valkostur 2: [Ákvæðið falli brott.]	62. gr. Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.